

Mál nr. 238/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar (glertryggingar)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á gleri.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.06. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til 1. gr. skilmála glertryggingar þar sem segir að vátryggingin bætir tjón á gleri í vátryggðri húseign ef það brotnar eftir að það er ísett og endanlega komið fyrir á sínum stað og svo lengi sem það er á sama stað. Þá segir ennfreður í 2. gr. að vátryggingin bæti ekki tjón ef flísast úr gleri eða það rispast án þess að brotna.

Félagið telur greiðsluskyldu aðeins fyrir hendi ef gler brotnar. Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging og viðlagatrygging tekur til. Fyrir liggur að um er að ræða brunablett í gleri sem er ekki greiðsluskýlt að áliti félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Skemmdir séu á stofuglugga (gleri) og ekki er vitað hvernig þær komu til en að utanverðu eru brunablettir í gleri, “Glerið er ekki brotið, ekki rispast og greinilegur brunablettur (bráðnað inn í glerið)....”

Álit

Samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin tjón á gleri í vátryggðri húseign ef það brotnar. Það skilyrði skilmála er ekki fyrir hendi m.ö.o. glerið brotnaði ekki. Vegna þessa er umrætt tjón ekki bótaskýlt.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.